

Höfundur til sölu

BÆKUR

BULGARI SAMBANDIÐ

eftir Fay Weldon. 263 bls. í fallegu broti með eftirmála þýðanda og bréfi frá höfundi. Þórunn Hjartardóttir þýddi. Salka 2004.

Fay Weldon er flestum kunn sem afkastamikill rithöfundur og róttækur áhrifavaldur í kvennabókmenntum. Sögur hennar snúast jafnan um krísur miðaldra kvenna, ástir þeirra og örlög. Sem dæmi mætti nefna Brandara breiðvöxnu konunnar, Ævi og ástir kvendjöfuls og Praxis sem lesin var í útvarp í þýðingu Dagnýjar Kristjánsdóttur snemma á níunda áratugnum og þótti bæði frumleg og djörf. Nýlega sendi Weldon frá sér skáldsöguna Bulgari-sambandið sem er tilkomin á óvenjulegan hátt. Ítalska skartgripafyrirtækið Bulgari fékk Weldon til að skrifa fyrir sig bók þar sem heiti fyrirtækisins kæmi við sögu, a.m.k. 12 sinnum. Bókin var fyrst gefin út í takmörkuðu upplagi og henni einungis dreift til valdra viðskiptavina. Urðu nokkur blaðaskrif vegna þessa og þótti mörgum tiltækið svik við málstað listarinnar – að höfundurinn seldi markaðsöflunum sálu sína og skrifaði bók eftir pöntun en ekki af innblæstri, auk þess sem Weldon beit höfuðið af skömminni með því að mæta í útgáfuteitið með lánshálsmen frá Bulgari sem var metið á eina milljón enskra punda. En bókin er svo skemmtileg aflestrar að maður gleymir því að hún er dulbúin auglýsing - sem er auðvitað varasamt.

Bulgarisambandið er einföld og hefðbundin ástarsaga og stendur fyllilega fyrir sínu sem slík. Grace Salt er niðurbrotin, miðaldra kona sem hefur nýlega gengið í gegnum erfiðan skilnað en eiginmaður hennar lét hana róa fyrir yngri og fállegri konu. Eiginmaðurinn, Barley (59), er vellríkur og uppveðraður yfir nýju konunni og fjörugu kynlífinu en saknar stundum friðsældarinnar og öryggisins með þeirri gömlu; nýja konan, Doris Dubois, er fögur fjölmiðlakona á framabrait (illgjörn tæfa); og Grace er tryggðin og gæðin uppmáluð: Allt eru þetta einfaldar og fyrirsjáanlegar staðalmyndir í góðri ástarsögu. Listmálarinn ungi, Walter Wells, kemur svo eins og prins með sinn mjúka pensil og vekur Grace til lífsins á ný, ástin blómstrar og sagan leiðist út í fantasíu: Grace yngist og fríkkar með degi hverjum meðan Walter eldist fallega og þroskast. Dramb, losti og græðgi verða svo hinum vondu að falli og í lok sögu fá þeir makleg málagjöld meðan góðu persónurnar uppskera ást og virðingu. Sagan er reyndar ekki alveg einföld því yfirgengilegt snobbið í samkvæmislífinu, spilling og hræsni í samskiptum fólks og undirferlið í viðskiptaheiminum eru dregin fram í dagsljósið, háðskur stíll sögunnar beinist ekki síst að yfirborðsmennsku og efnishyggju og Bulgari-hálsmenið dýra sem sagan snýst að miklu leyti um er tákn botnlausrar græðgi og öfundar.

Þórunn Hjartardóttir þýddi bókina snöfurmennlega úr ensku og er hér á ferð glæsileg frumraun hennar í bókmenntaþýðingum. Weldon segir svo um allt fjaðrafokið í persónulegu bréfi til Þórunnar: „Þeim var bara illa við bókina prinsippisins vegna, það hefði gengt allt öðru máli ef fólk hefði verið búið að lesa hana og verið óánægt. En einhvern veginn var ég talin hafa „selt mig“ þó að í mínum huga séu útgefundur í dag enn frekar að selja sig með því að segja rithöfundum hvað þeir eigi að skrifa. Nú og svo hrundu Tvíburaturnarnir! Og eftir það var eiginlega öllum alveg sama“ (262). Víst er að endalausar auglýsingar dynja á okkur hvert sem litið er og fjölmiðlar og markaðsöfl

stjórna lífi okkar ljóst og leynt. Ef bókmenntirnar verða einnig vettvangur
auglýsingamennskunnar, styrktar af stórfyrirtækjum gegn íhlutun í listaverkinu, hvar
endar þetta þá allt saman? Undirrituð er reyndar alveg til í að skrifa netta skáldsögu sem
gerist í KB-banka eða í höfuðstöðvum Baugs gegn sanngjarnri þóknun, áhugasamir hafi
samband sem fyrst...

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>